



Starfspróun kennara í skóla fyrir alla

Lokaskýrsla fasa 1



EUROPEAN AGENCY
for Special Needs and Inclusive Education



STARFSÞRÓUN KENNARA Í SKÓLA FYRIR ALLA

Lokaskýrsla fasa 1

TPL4I



Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin) er sjálfstæð sjálfstjórnarstofnun. Miðstöðin er sameiginlega fjármögnuð af menntamálaráðuneytum í aðildarlöndunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, með rekstrarstyrk innan menntunaráætlunar Evrópusambandsins.



Sameiginlega fjármagnað af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins

Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við framleiðslu þessarar útgáfu felur ekki í sér stuðning við innihaldið, sem endurspeglar eingöngu skoðanir höfundanna, og framkvæmdastjórnin ber enga ábyrgð á notkun þeirra upplýsinga sem koma hér fram.

Þær skoðanir sem einstaklingar greina frá í skjalinu eru ekki endilega í samræmi við opinberar skoðanir miðstöðvarinnar, aðildarríkja hennar eða framkvæmdastjórnar ESB.

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2020

Ritstjórar: Annet De Vroey, Simoni Symeonidou og Amélie Lecheval

Þessi útgáfa er öllum aðgengileg. Því er frjálst að nálgast, nota og dreifa henni með viðeigandi vísun til Evrópumiðstöðvarinnar um nám án aðgreiningar og sérþarfir. Ítarlegri upplýsingar er að finna í stefnu Miðstöðvarinnar um opinn aðgang: www.european-agency.org/open-access-policy.

Vísa skal til skjalsins á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2020. *Starfsþróun kennara í skóla fyrir alla: Lokaskýrsla fasa 1.* (A. De Vroey, S. Symeonidou og A. Lecheval, ritstj.). Óðinsvé, Danmörk



Þetta verk er gefið út með **Creative Commons TilvísunHöfundar-EkkiÁgóðaskyni-EnginAfleidd 4.0 Alþjóðlegt afnotaleyfi**. Ekki má breyta eða þýða efni ritsins án samþykki Miðstöðvarinnar.

Til að bæta aðgengi að skýrslunni er hún tiltæk á 25 tungumálum og á rafrænu sniði á vefsvæði stofnunarinnar: www.european-agency.org

Þetta er þýðing á upprunalegum texta á ensku. Ef efi vaknar um nákvæmni upplýsinga í þýðingunni skal skoða upprunalega enska textann.

ISBN: 978-87-7110-920-7 (Rafrænt)

Aðalskrifstofa

Østre Stationsvej 33
DK-5000 Odense C Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel

Rue Montoyer, 21
BE-1000 Brussels Belgium
Sími: +32 2 213 62 80
brussels.office@european-agency.org



Innihald

Inngangur	5
Lykilatriði stefnu um TPL fyrir alla	6
Tilhneingingar og lykilatriði á lands-/svæðisbundinni TPL stefnu fyrir alla	8
Hlutverk TPL fyrir alla í menntunarkerfum án aðgreiningar	10
Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar til að ná yfir samfellt TPL	11
Niðurstöður	12
Afrakstur verkefnisins	13
Heimildir	15







Inngangur

Vegna síaukins fjölbreytileika innan nemendahópa er lykilhlutverk kennara, og þörf á starfsþróun kennara í skóla fyrir alla, almennt viðurkennd. Kennarar, rannsakendur og stefnumótendur á staðbundnum, svæðisbundnum, landsbundnum, Evrópskum og alþjóðlegum sviðum ræða í auknum mæli samfellda möguleika á starfsþróun kennara (TPL) á að undirbúa alla kennara og annað starfsfólk í að ná til allra nemenda.

Stefnuþróun varðandi þáttöku allra innan TPL er mikilvæg fyrir nám án aðgreiningar. Nám án aðgreiningar á að „ tryggja að öllum nemendum, óháð aldri, sé veitt þýðingarmikil, hágæða námstækifæri í sínu næsta nágrenni, meðal vina sinna og jafnaldra.“ (Evrópumiðstöðin, 2015, bls.1). TPL fyrir alla er lykilþáttur í því að þróa námskerfi án aðgreiningar.

Starfsþróun kennara í skóla fyrir alla (TPL4I) verkefnið leggur áherslu á allar þær stefnur sem hafa áhrif á TPL fyrir nám án aðgreiningar. Fasi 1 af TPL4I miðar að því að bera kennsl á þá nauðsynlegu þætti sem tryggja að allir kennarar, á öllum stigum ferils síns, séu undirbúnir fyrir nám án aðgreiningar. Fasi 2 mun undirstrika einn stakan þátt og tengja hann við önnur verkefni Evrópumiðstöðvarinnar um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin). Þessi skýrsla tekur saman niðurstöður fasa 1 af TPL4I.

Í fyrsta lagi skýrir hún meginþætti af stefnu TPL um starfsþróun kennara í skólum fyrir alla. Byggt á **fræðilegri samantekt** um alþjóðlega stefnu og rannsóknir (Evrópumiðstöðin, 2019a), þróaði TPL4I teymið **sjálfsmatstæki til stefnumörkunar** (Evrópumiðstöðin, 2019b). Verkfærið miðar að því að hjálpa stefnumótendum að skrásetja og meta landslæga/staðbundna stefnu um TPL fyrir alla á þrem sviðum:

- Framtíðarsýn stefnu og meginreglur
- Markmið og samfelldur stuðningur
- Aukin geta, fjármögnun og stýring.

Í öðru lagi lýsir þessi skýrsla þeim lykilatriðum sem borið var kennsl á meðal þeirra 26 Evrópulanda sem stefnan nær til. Samantekt á öllum niðurstöðum (Evrópumiðstöðin, 2020b) bendir á áskoranir stefnumótenda og veitenda TPL fyrir alla.

Í þriðja lagi tengir þessi skýrsla saman fyrri verk Miðstöðvarinnar, og fellur þau inn í alhliða kerfisnálgun.

Að lokum leggur hún til almenna notkun á *Færnilýsingu fyrir kennara í skólum án aðgreiningar* (Evrópumiðstöð, 2012). Fasi 2 af TPL4I mun rannsaka þetta nánar.



Lykilatriði stefnu um TPL fyrir alla

Rannsóknarskýrslur og alþjóðleg og Evrópsk stefnuskjöl benda á þau lykilatriði á sviði TPL-stefnu sem miða að því að styðja við jafnræði og aðgreiningarleysi (Evrópumiðstöð, 2019a). Það er sérstaklega þörf á því að taka á áhyggjum **allra kennara** á framkvæmd náms án aðgreiningar.

Samfelld TPL tækifæri ná yfir grunnmenntun kennara og innsetningu, áframhaldandi starfsþróun og faglegrar kennslu kennaramenntara. Í TPL fyrir alla eru sérhæft starfsfólk og stuðningsfulltrúar, sem starfa með kennurum að menntun fyrir alla, hluti af samfellda ferlinu. Stefnur verða þess vegna að tryggja að allt starfsfólk, einnig sérfræðingar og skólastjórnendur, taki þátt í hæfni- og starfsþróun á námi án aðgreiningar yfir allan feril sinn.

Samhliða því verða stefnur að ýta undir dýpri skilning á fjölbreytileika og leggja áherslu á TPL fyrir **jafnræði og aðgreiningarleysi**. Samstarf um framkvæmd er afgerandi í þróun mismunandi leiða fyrir TPL fyrir alla og til að gefa öllu starfsfólki tækifæri til mats og faglegrar starfsþróunar í menntun fyrir alla.

Sjálfsmatstæki til stefnumörkunar á TPL4I-stefnunni er byggt á þessum niðurstöðum, og er það alhliða úrræði fyrir mat og þróun á TPL fyrir alla. Það leggur fram eftirfarandi meginsvið og grunnáherslur stefnunnar:

Framtíðarsýn og meginreglur:

- **skýra sýn fyrir stefnu TPL um jafnræði og aðgreiningarleysi**, sem tryggir öllum kennurum yfir allan feril sinn fagleg starfsþróunartækifæri um gyldi náms án aðgreiningar, uppeldisfræðilega ábyrgð þeirra gagnvart öllum nemendum og þeirra framlag og samstarf innan menntunar fyrir alla;
- **leiðbeinandi grundvallarreglur fyrir TPL fyrir alla**, sem tryggja að TPL sé forsenda í námi án aðgreiningar og innihaldi þau grunnildi og framkvæmd á menntun fyrir alla í grunnmenntun kennara og TPL fyrir nýja, reynda og sérhæfða kennara og kennaramenntara.

Markmið og samfelldur stuðningur:

- **markmið TPL um menntastefnu fyrir alla** ná yfir málefni sem stuðla að skilningi og innleiðingu á menntun fyrir alla: hæfni, færnisvið, uppeldisfræði án aðgreiningar, umræða um menntun fyrir alla, og samsvörun TPL við lands-, svæðis- og staðbundin stefnumarkmið og kröfur í námskerfi án aðgreiningar;



- **samfelldur stuðningur fyrir alla kennara**, sem bíður upp á fjölbreytt tækifæri á faglegri starfsþróun innan menntunar fyrir alla á öllum stigum sem kennarar starfa á, það meðtöldum á sviði leiðtogahæfni, og stuðningur við skóla og æðri menntastofnanir í mótun stefnuáætlana og samstarfs innan TPL fyrir alla.

Aukin geta, fjármögnun og stýring:

- áætlanir sem **auka getu**, og styrkja kerfi, viðmiðunarreglur, hæfni og hvata fyrir alla kennara: aðferðir til stuðnings við skóla eða æðri menntastofnanir til þess að mynda sterka leiðtogahópa, þróa hlutverk sérkennara sem úrræði fyrir almenna skóla eða stuðla að uppeldisfræðilegum menntastefnum án aðgreiningar, eða viðmiðunarreglur um gæðamat til þess að skipuleggja TPL fyrir alla;
- **fullnægjandi og hagkvæmar fjármögnunaraðferðir**: fjárhagslegir hvatar, sveigjanlegar fjárveitingaleiðir og kerfisbundin upplýsingaöflun um útgjöld;
- **eftirlit með innleiðingu á TPL fyrir alla** með alhliða ábyrgðarramma, kerfi sem taka á ójöfnuði í aðgengi og kerfi sem styðja við upptöku á mats- og framfariferlum (Evrópumiðstöðin, 2019b).





Tilhneigingar og lykilatriði á lands-/svæðisbundinni TPL stefnu fyrir alla

Tuttugu og sex lönd¹ tóku þátt í stefnumótandi starfi tengdu TPL fyrir nám án aðgreiningar. Í samstarfi við fulltrúa Miðstöðvarinnar frá þessum löndum, kláraði TPL4I teymið 26 lands-/svæðisbundna **kortlagningu á stefnum** (Evrópumiðstöðin, 2020a), með því að nota sjálfsmatstækið til stefnumörkunar (Evrópumiðstöðin, 2019b).

Kortlagningarnar sýna lands-/svæðisbundið TPL í stefnu um menntun fyrir alla. Greining á fullkláruðum kortlagningunum gerir stefnumótendum og öðrum hlutaðeigendum kleift að bera kennsl á þau stefnusvið sem lönd eru nú þegar að taka á, í samræmi við alþjóðleg stefnutilmæli og rannsóknargögn, og þau svið sem stefnur framtíðar ættu að taka tillit til.

¹ Austurríki, Belgía (flæmskumælandi hlutinn), Búlgaría, Bretland (Norður-Írland), Bretlandi (Skotland), Bretland (Wales), Danmörk, Eistland, Frakkland, Grikkland, Ísland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Malta, Noregur, Portúgal, Serbía, Slóvakía, Spánn, Svíþjóð, Sviss, Tékkland, Ungverjaland, Þýskaland.





Greining á kortlagningunum leiðir í ljós eftirfarandi tilhneigingar (Evrópumiðstöðin, 2020b):

Það eru til alþjóðleg tilmæli fyrir alhliða TPL stefnu fyrir alla sem byggja á hugmyndinni um jafnræði. Þrátt fyrir þetta er menntun fyrir alla í lands-/svæðisbundnum stefnum metin sem verandi þörf á mismunandi stefnum fyrir suma nemendur, til dæmis þeirra með sérþarfir. **Mismunandi menntastefnur fyrir ákveðna markhópa leiða oft af sér aðskildar eða sérstakar leiðir í TPL.** Þess vegna er hægt að rökræða það hvort að hlutverk grunnildisins um jafnræði sé grundvöllur stefnu TPL.

Að hvaða marki menntun fyrir alla er partur af samfelldri stefnu TPL er breytilegt milli landa. Að auki **eru í mörgum löndum bil milli ólíkra fasa í hinu samfellda TPL**, sérstaklega þegar kemur að innsetningu nýrra kennara og faglegrar starfsþróunar fyrir kennaramenntara, þá einnig skólastjórnenda. Mismunandi stefnur innan grunnmenntunar kennara og áframhaldandi faglegrar starfsþróunar benda til þess að menntun fyrir alla sé stundum þáttur í TPL stefnu. Hins vegar ná í mörgum tilfellum **TPL tækifæri til nemenda sem eru skilgreind sem verandi með sérþarfir, án sérstakrar eftirtektar á hæfni í menntun fyrir alla.**

Innleiðing á TPL fyrir alla endurspeglar **ýmsar samstarfsáætlanir og nálganir sem auka getu.** Hins vegar stuðla þær ekki alltaf að samstarfi milli allra kennara eða milli kennara með mismunandi hlutverk (t.d. almennra bekkjarkennara og sérkennara). Þrátt fyrir að almennar TPL fjármögnunaraðferðir nægi fyrir TPL fyrir alla, er skortur á gögnum um útgjöld vegna TPL fyrir alla. Eftirlit er háð gæðastjórnunarkerfi skólanna. Hins vegar er skortur á samstarfi milli ólíkra hlutaðeigenda – eins og ráðuneyta, staðbundinna yfirvalda, háskóla og annara stofnana eða samstarfsneta – til stuðnings við TPL menntastefnu fyrir alla.

Með þessar niðurstöður í huga, eru **helstu ráðleggingar til stefnumótenda** að:

- **þróa framtíðarsýn fyrir stefnu um TPL fyrir alla sem varir alla starfsævina**, sem virkir alla kennara – að meðtöldum sérfræðingum – innan TPL fyrir alla og auðveldar þeim að mæta öllum þörfum nemenda, frekar en að einblína á þarfir ákveðinna hópa nemenda;
- **meta stefnumarkmið TPL fyrir alla kennara** og sérstaklega að bjóða upp á viðmiðunarræglur og áætlanir sem taka mið af þeim hæfnisviðum sem þörf er á innan menntunar án aðgreiningar;
- **aukin áhersla á samstarf milli allra hlutaðeigenda** sem taka þátt í TPL fyrir alla.



Hlutverk TPL fyrir alla í menntunarkerfum án aðgreiningar

Auk þess voru niðurstöðurnar tengdar við vistkerfislíkan Evrópumíðstöðvarinnar af menntunarkerfum fyrir alla (Evrópumíðstöðin, 2017a; 2017b). Vistkerfislíkanið útskýrir hvernig mismunandi kerfi, ferlar og niðurstöður menntastefnu án aðgreiningar og framkvæmd þeirra, á mismunandi sviðum kerfisins, vinna saman og hafa áhrif á nemendur.

Sértækt stefnusvið sem miðar að því að styðja við menntun fyrir alla, líkt og TPL fyrir alla, er álitin 'sneið' af mótun menntunarstefnu fyrir alla. Á þennan hátt er hægt að staðsetja þær áskoranir sem borið hefur verið kennsl á innan sviðsins, innan vistkerfislíkansins. Það útskýrir hvernig einstakir þættir, áhrif skóla og ytri þættir, til dæmis samfélagslegir og land-/staðlægir stefnurammar, hafa áhrif á þroska nemenda innan skólakerfisins.

Þessa aðferð hefur Miðstöðin notað til útskýringa á áhrifum stefnuþróunar á útkomur nemenda í nokkrum verkefnum:

- **Menntun ungra barna án aðgreiningar** (Evrópumíðstöðin, 2017a)
- **Aukinn árangur allra nemenda í námi án aðgreiningar** (Evrópumíðstöðin, 2017b)
- **Stuðningur við forystu í skóla fyrir alla** (Evrópumíðstöðin, 2017a)
- **Aðgerðir til að draga úr brotthvarfi** (Evrópumíðstöðin, 2019d)

Við nýtingu þessarar nálgunar á TPL fyrir alla, byrja eftirfarandi áskoranir að láta á sér kræla víðsvegar um vistkerfið:

Á **lands-/svæðisbundnu sviði**, spjgla TPL stefnur þær menntastefnur sem eru nú þegar til staðar. Þær ýta undir réttindi ákveðinna hópa nemenda, í stað þess að ýta undir jöfn tækifæri fyrir alla nemendur og viðmið um menntun fyrir alla. TPL stefnur verða að leggja áherslu á að mæta þörfum allra nemenda. Einnig verða þessar stefnur að brúa bilið milli mismunandi áfanga TPL.

Á **samfélagslegu stigi** bíður samstarf milli kennara innan skóla og kennaramenntara á framhaldsskóla- og háskólastigi upp á ýmis tækifæri á TPL fyrir alla. Í samstarfi milli skóla og staðbundinna yfirvalda þarf að samræma stefnusýn, aðgerðaráætlanir skóla og þarfir innan TPL fyrir alla, fyrir kennara.

Á **skólastiginu** þurfa stefnur fyrir nýja og reynda kennara og annað starfsfólk með ólíka hæfni og hlutverk, að styðja við samstarfstækifæri innan TPL, þar á meðal fyrir kennaramenntara, til dæmis með því að leiðbeina kennurum og skólastjórnendum.



Á einstaklingsstigi þurfa kennarar stefnur sem bjóða uppá þau grunnildi og hæfni sem mæta þörfum allra nemenda, tryggja framboð á TPL tækifærum fyrir alla og gera kennurum kleift að fylgja sveigjanlegum og aðhæfðum TPL leiðum fyrir alla.

Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar til að ná yfir samfelld TPL

Ofangreindar niðurstöður voru tengdar við grunnildi og hæfni **Færnilýsingar fyrir kennara í skólum án aðgreiningar** (Evrópumiðstöðin, 2012). *Færnilýsingin* var hönnuð fyrir stefnumótendur í grunnmentun kennara. Niðurstöður TPL4I sýna fram á þörfina á samstarfi innan TPL fyrir alla, yfir allt faglegt samfelld svið kennara og sérhæfðs starfsfólks. Niðurstöðurnar benda til þess að beiting *Færnilýsingarinnar*:

- geti náð yfir samfelld TPL tækifæri fyrir alla, yfir allan feril kennara og lengra en aðeins innan kennarafagsins, þar með taldri faglegrar starfsþróunar sérfræðinga og kennaramenntara. Allir kennarar verða að vera tilbúnir í menntun fyrir alla, í öllu TPL fyrir alla ferlinu og í gegnum samstarfsnám fyrir alla, frekar en að bjóða upp á mismunandi faglega starfsþróun sem leiðir til mismunandi starfshæfni.
- verða að upplýsa stefnumótunarumræður um grunnildin sem undirbyggja TPL tækifæri fyrir alla. Allir fasar í samfelldu ferli TPL fyrir alla verða að vera með grunnildi sem miða sérstaklega að því að geta lagt mat á ólíkar þarfir nemenda, stutt við alla nemendur, unnið með öðrum og tekið þátt í TPL starfsemi fyrir alla. Það að beita grunnildum og hæfni *Færnilýsingarinnar* á alla samfellda fasa TPL fyrir alla myndi hjálpa löndum að brúa bilið í stefnum um aukna getu.
- verða að upplýsa stefnumótunarumræður um nauðsynlega hæfni fyrir allt fagfólk sem tekur þátt á sviði menntunar fyrir alla. Gæði þeirra menntunartækifæra sem nauðsyn er á fyrir menntun fyrir alla byggist á gæðum vitneskju, viðhorfa og hæfni kennarans, sem þróast smám saman yfir allan þeirra starfsferil. Án fullnægjandi samfelldrar framvindu TPL tækifæra fyrir alla, munu kennarar ekki vera í stakk búnir til þess að hanna og bjóða hágæða menntun fyrir alla nemendur.
- geta stofnað til fjármagnsaðferða fyrir TPL fyrir alla (t.d. fjármögnun á lands-, svæðis- eða staðbundnu stigi) og haft eftirlit með ferlum sem mæta grunnildum einstaklingsbundnar faglegrar starfsþróunar.

Þessar niðurstöður réttlæta notkun *Færnilýsingarinnar* þvert á öll svið TPL fyrir alla. Fasi 2 af TPL4I mun taka á þessu.



Ofar öllu, til þess að ná til allra nemenda og tryggja hágæða menntun fyrir alla, verður menntun fyrir alla að ná til allra kennara: kennaranema, nýrra kennara, reyndari kennara, sérhæfðra kennara og annars stuðningsstarfsfólks, og kennaramenntara. Nýting á *Færnilýsingunni* mun bjóða upp á sýn og aukna hæfni fyrir áframhaldandi þróun á stefnu TPL fyrir alla.

Niðurstöður

TPL4I verkefnið fer yfir lykilatriði í stefnuþróun sem er almennt viðurkennt sem forsenda menntunar fyrir alla. Kennarar og annað starfsfólk sem tekur þátt í framkvæmd á menntun fyrir alla, eins og allir hlutaðeigendur að þróun náms fyrir alla á mismunandi sviðum, verða að hafa aðgang að heildstæðu og samfelldu rófi af faglegum kennslutækifærum til þess að bjóða upp á skóla fyrir alla.

Greining á sjálfsmati landanna á lykilatriðum TPL fyrir alla leiddi í ljós að:

- Stuðningi við stefnu TPL fyrir alla er ekki dreift jafnt yfir allan starfs- og námsferilinn hjá því starfsfólki sem eru þáttakendur í menntun fyrir alla.
- Sameiginleg sýn á jafnræði er nauðsynleg til að undirbyggja allt TPL fyrir alla og brúa bilið milli ýmsa vandamála vegna fjölbreytileika.
- Samstarfsaðferðir milli skólastiga og með öðrum málsaðilum, t.d. á samfélags- eða lands-/svæðisbundnu stigi, gefa margvísleg tækifæri á TPL fyrir alla. Þó er þörf á meiri þverfaglegri samvinnu allan starfsferilinn.

Til að styrkja skuldbindingu og sjálfsþekkingu kennara og skóla í menntun fyrir alla, skiptir mestu máli að það sé til staðar **rammi um hæfni kennara innan menntunar fyrir alla sem er lykilatriði í grundvallarstefnu TPL fyrir alla.**

Lokaniðurstaðan kallar á aðgerðir til að hvetja og styðja stefnumótun milli landa.

Byggt á viðurkenningu á sameiginlegum gildum og hæfni innan menntunar fyrir alla, getur *Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar* (Evrópumiðstöðin, 2012) boðið hæfnisgrundvöll til þess að ná til breiðari hóps fagfólks. Markmiðið er að undirbúa alla kennara og samstarfsfólk þeirra fyrir menntun fyrir alla og tryggja skuldbindingu þeirra til símenntunar á sviði sínu.

Fasi 2 af TPL4I mun halda áfram að kanna notkun *Faglýsingarinnar* til þess að skoða menntun fyrir alla og jafnræði í menntun á öllum sviðum TPL með tilliti til tækifæra til samþættingar. Sem slíkar, og til stuðnings fjórða Sjálfbæra þróunarmarkmiði SP (Sameinuðu Þjóðirnar, 2015), eru stefnur um menntun fyrir alla hvattar til þess að útvíkka



skilaboðin úr „Öll þýðir öll“ í „Öll þýðir öll þýðir öll kennarastéttin“. Þetta er áminning um þá hæfni sem allir atvinnumenn á þessu sviði verða að stefna að.

Afrakstur verkefnisins

Aðgerðir fasa 1 af TPL4I leiddu af sér **TPL4I Fræðileg samantekt** (Evrópumiðstöðin, 2019a), **TPL4I Sjálfsmatstæki stefnumörkunar** (Evrópumiðstöðin, 2019b), **Kortlagning á TPL4I stefnu** (Evrópumiðstöðin, 2020a), **TPL4I Greining á stefnu landa í Evrópu** (Evrópumiðstöðin, 2020b), **TPL4I Skýrsla um aðferðafræði** (Evrópumiðstöðin, 2020c) og þessa lokaskýrslu **TPL4I Fasa 1**.

Allar niðurstöður er hægt að nálgast á vefsíðu TPL4I verkefnisins: www.european-agency.org/projects/TPL4I.







Heimildir

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu, 2012. *Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar*. (A. Watkins, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku.

www.european-agency.org/resources/publications/teacher-education-inclusion-profile-inclusive-teachers (Síðast sótt í nóvember 2020)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2015. *Tillaga að afstöðu miðstöðvarinnar til námskerfa án aðgreiningar*.

www.european-agency.org/resources/publications/agency-position-inclusive-education-systems-flyer (Síðast sótt í október 2020)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017a. *Inclusive Early Childhood Education: New Insights and Tools – Contributions from a European Study [Menntun ungra barna án aðgreiningar: Ný innsýn og verkfæri – framlög úr evrópskri rannsókn]*.

(M. Kyriazopoulou, P. Bartolo, E. Björck-Åkesson, C. Giné og F. Bellour, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku.

www.european-agency.org/resources/publications/inclusive-early-childhood-education-new-insights-and-tools-contributions (Síðast sótt í ágúst 2020)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017b. *Raising the Achievement of All Learners: A Resource to Support Self-Review [Aukinn árangur allra nemenda: Úrræði til að styðja sjálfsmat]*. (V.J. Donnelly og A. Kefallinou, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku.

www.european-agency.org/resources/publications/raising-achievement-all-learners-self-review (Síðast sótt í desember 2020)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2019a. *Teacher Professional Learning for Inclusion: Literature Review [Starfsþróun kennara í skóla fyrir alla: Fræðileg samantekt]*. (A. De Vroey, S. Symeonidou og A. Watkins, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku.

www.european-agency.org/resources/publications/TPL4I-literature-review (Síðast sótt í febrúar 2020)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2019b. *Teacher Professional Learning for Inclusion: Policy Self-Review Tool [Starfsþróun kennara í skóla fyrir alla: Sjálfsmatstæki stefnumörkunar]*. (S. Symeonidou og A. De Vroey, ritstj.). Óðinsvé, Danmörku.

www.european-agency.org/resources/publications/TPL4I-policy-self-review-tool (Síðast sótt í febrúar 2020)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2019c. *Inclusive School Leadership: Exploring Policies Across Europe [Forysta í skóla fyrir alla: Könnun á stefnum í Evrópu]*.

(E. Óskarsdóttir, V. Donnelly og M. Turner-Cmuchal, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku.

www.european-agency.org/resources/publications/inclusive-school-leadership-synthesis (Síðast sótt í október 2020)



Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2019d. *Preventing School Failure: Examining the Potential of Inclusive Education Policies at System and Individual Levels [Aðgerðir til að draga úr brotthvarfi: Rannsókn á áhrifum stefnu um menntun fyrir alla á skólakerfið og nemendum]*. (A. Kefallinou, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku.

www.european-agency.org/resources/publications/preventing-school-failure-synthesis-report (Síðast sótt í október 2020)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2020a. *TPL4I policy mapping grids [Kortlagning á TPL4I stefnu]*. Óðinsvéum, Danmörku.

www.european-agency.org/projects/TPL4I/policy-mapping (Síðast sótt í nóvember 2020)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2020b. *Teacher Professional Learning for Inclusion: An Analysis of Country Policies in Europe [Starfsþróun kennara í skóla fyrir alla: Greining á stefnu landa í Evrópu]*. (S. Symeonidou, A. De Vroey og A. Lecheval, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku.

www.european-agency.org/resources/publications/TPL4I-synthesis (Síðast sótt í desember 2020)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2020c. *Teacher Professional Learning for Inclusion: Methodology Report [Starfsþróun kennara í skóla fyrir alla: Skýrsla um aðferðafræði]*. (A. De Vroey og S. Symeonidou, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku.

www.european-agency.org/resources/publications/TPL4I-methodology (Síðast sótt í desember 2020)

Sameinuðu þjóðirnar, 2015. *Transforming our world: the 2030 Agenda for Sustainable Development [Að breyta heimi vorum: áætlun um sjálfbæra þróun til ársins 2030]*. Ályktun tekin upp af Allsherjarþinginu 25. september 2015. A/RES/70/1.

sustainabledevelopment.un.org/post2015/transformingourworld (Síðast sótt í desember 2020)

UNESCO, 2020. *Global Education Monitoring Report 2020: Inclusion and education: All means all [Skýrsla um þróun menntunar í heiminum 2020: Nám án aðgreiningar: Öll þýðir öll]*. París: UNESCO.

unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000373718/PDF/373718eng.pdf.multi (Síðast sótt í desember 2020)




Aðalskrifstofa:

Østre Stationsvej 33
DK-5000
Odense C
Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel:

Rue Montoyer 21
BE-1000
Brussels
Belgium
Sími: +32 2 213 62 80
brussels.office@european-agency.org



www.european-agency.org